



LANDSPÍTALI

Meðgöngu- og sængurlegudeild 22A

Meðgöngu- og sængurlegudeild 22A

- Hér birtast hagnýtar upplýsingar um deildina og dvölinna hér. Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur vel upplýsingarnar og minnum á tillitssemi og þagnarskyldu gagnvart öðrum skjólstæðingum.
- Á deildinni dvelja konur eftir fæðingu eða vegna veikinda á meðgöngu.
- Lengd dvalar eftir fæðingu ákvarðast af heilsufari móður og/eða barns.
- Stærstur hluti sængurkvenna fær heimaþjónustu ljósmóður eftir útskrift.
- Heimaþjónustan er háð ákveðnum skilyrðum um heilsufar móður og/eða barns og lengd dvalar.

- Þar sem dvöl á deildinni er stutt er ekki gert ráð fyrir heimsóknnum á deildina. Áhersla er lögð á að ná hvíld og jafna sig eftir fæðinguna, kynnast nýja barninu og ná tökum á brjóstagjöf.
- Móðirin og nýfædda barnið eru viðkvæm fyrir sýkingum. Við hvetjum alla til að passa vel upp á hreinlæti og er handhreinsun mikilvægur liður í því að vernda móður og barn.
- Við ráðleggjum sængurkonum að þvo hendur fyrir og eftir salernisferðir og eins er mikilvægt að skipta reglulega um bindi.

- Allar máltíðir eru bornar inn á stofur.
- Morgunverður er milli kl. 08:00 og 09:00.
- Hádegisverður er kl. 12:00.
- Kvöldverður er kl. 17:30.
- Hægt er að ná sér í snarl á kaffiborði sem er staðsett framarlega á ganginum. Þar er einnig kæliskápur þar sem hægt er að geyma mat. Gæta þarf þess að merkja matinn með nafni og dagsetningu.
- Af öryggisástæðum er deildin læst. Ef fara þarf af deildinni er hægt að fá aðgangskort hjá ritara.

- Maki/stuðningsaðili sængurkonu getur dvalið á deildinni ef aðstæður leyfa.
- Gisting maka/stuðningsaðila er samkvæmt gjaldskrá sem er í gildi á hverjum tíma. Innifalið í gjaldinu er morgunverður þá daga sem dvalið er.
- Salerni fyrir maka/stuðningsaðila er að finna á móts við inngang deildarinnar til vinstri.

- **Matsalur og kaffihús á Hringbraut** eru staðsett á 3. hæð í eldhúsbyggingu.
- Matsalurinn er opinn virka daga kl. 08:00-19:30 og 09:00-19:30 um helgar.
- Á barnaspítalanum er Kvenfélagið Hringurinn með veitingasölu sem er öllum opin.
- Kvennadeild Rauða krossins rekur verslanir í anddyri Landspítala við Hringbraut.
- Sjálfssalar eru í kjallara kvennadeildar, á 1.hæð Barnaspítala Hringingsins og í anddyri Landspítala við Hringbraut.

- Á fyrsta sólarhring eftir fæðingu er boðið upp á að barnið sé skoðað af nýburalækni. Einnig er boðið upp á skoðun við um fimm daga aldur barns. Sú skoðun fer fram á göngudeild Barnaspítala Hringsins.
- Mælt er með að súrefnismettun sé mæld í hendi og fæti nýbura fyrir útskrift. Þessi mæling er gerð til að leita að alvarlegum meðfæddum hjartagöllum.
- Fæðingarlæknir gengur stofugang til þeirra kvenna sem þarfnast frekara mats vegna sjúkdóma á meðgöngu og/eða vandamála sem hafa komið upp í tengslum við fæðinguna.
- Áður en farið er heim þarf að ganga úr skugga um að:
 - Búið sé að útvega ljósmóður sem sinnir heimaþjónustu ef við á.
 - Hafa meðferðis gögn fyrir þann sem sinnir heimaþjónustu.
 - Sendar hafi verið upplýsingar í Heilsuveru móður um:
 - Hver veitir heimaþjónustu.
 - Bókaðan tíma í 5 daga skoðun.

Öryggisathugun fyrir heimferð



- Áður en haldið er heim á leið bjóðum við öllum um að staldra við með barnið í bílstólnum hjá ritara deildarinnar sem staðsettur er á miðjum ganginum.
- Þar er farið yfir hvort barnið sé rétt fest í stólinn til að tryggja öryggi þess á heimleiðinni.